

Borgarstjórn
20. júní 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir til að stemma stigu við óþrifnaði í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að ráðist verði í átak til að stemma stigu við veggjakroti og öðrum óþrifnaði í Reykjavík. Sérstök athygli verði vakin á því að samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur sé veggjakrot bannað að viðlögðum sektum, sem og að fleygja rusli á almannafæri nema í þar til gerð ílát. Leitast verði við að virkja sektarákvæði lögreglusamþykktarinnar gagnvart slíkum óþrifnaði og gera þannig þá, sem slík umhverfisspjöll vinna, ábyrga gerða sinna.